

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
01. júlí 2011 10.5.8	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 1. júlí 2011  
Tilvísun: UST20110600159/bs


### Bugvirkjun í Hvalfjarðarsveit. Umsögn.


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 16. júní sl. þar sem óskað er eftir að Umhverfisstofnun gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um tiltölulega litla virkjun að ræða. Inntakslón hennar er í jaðri vatnsverndarsvæðis. Staðsetning lónsins er ástæða þess að virkjunin telst tilkynningarskyld. Fyrirhugað inntakslón verður staðsett í suðurjaðri vatnsverndarsvæðis, þar sem jafnframt er frárennslisluti svæðisins.

Í minnisblaði ISOR dags. 15. apríl sl. segir m.a.: "*Ekki verður séð að þessi virkjanaáform muni spilla fyrir möguleikum á öflun neysluvatns á þessum slóðum, hvorki úr upptakalindum Bugalækjar né á aðrennslisleiðum grunnvatns til þeirra.*"

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst  
  
Björn Stefánsson

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri